

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. marz 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), 549. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 27. febrúar sl., um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku á þingskjali 922.

Félagið lýsir stuðningi við það meginmarkmið frumvarpsins að draga úr ríkisafskiptum og afnema takmarkanir á frelsi manna til að veita og sækja sér þjónustu á helgidögum þjóðkirkjunnar.

FA telur núgildandi ákvæði laga, þar sem sum starfsemi er leyfð á helgidögum en önnur ekki, stangast á við jafnræðisreglu og samkeppnissjónarmið. Þá er ljóst að núverandi takmarkanir löggjafarinnar takmarka t.d. þjónustu við sívaxandi fjölda ferðamanna í landinu.

Hvað varðar vernd fyrir starfsemi trúfélaga telur félagið fullnægjandi að eftir standi lagaákvæði um að óheimilt sé að trufla guðsþjónustur, kirkjulegar athafnir eða annað helgihald. Þá telur félagið einsýnt að gildandi kjarasamningar á vinnumarkaði tryggi með fullnægjandi hætti frítökurétt og hvíldartíma launafólks.

Félagið telur það ákvæði frumvarpsins að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar verði bætt við lög um 40 stunda vinnuviku út af fyrir sig óþarft, þar sem sömu dagar eru tilgreindir sem frídagar í kjarasamningum.

Félag atvinnurekenda leggur því til að frumvarpið verði samþykkt, með þeirri breytingu að 5. grein þess falli út.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni um málið.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri FA